# ÁHERSLUVERKEFNI 2025

## Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

### Landshluti: Suðurnes
### Skiladagur: 1. apríl 2025

| **Heiti verkefnis** | Mælaborð – íbúaþróun á Suðurnesjum |
|---|---|
| **Númer verkefnis**[1] | **2025-9** |
| **Markmið**<br>*hámark 40 orð* | Setja fram á einum stað mælaborð með upplýsingum um lýðfræði íbúa á Suðurnesjum. Markmið er að hafa réttar upplýsingar um íbúa svæðisins svo hægt sé að taka sem réttastar ákvarðanir þegar kemur að áætlunargerð fyrir Suðurnesin. |
| **Stutt verkefnislýsing**<br>*hámark 250 orð*<br>(mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni) | Í samfélagsgreiningunni má sjá samfélagsþróun Suðurnesja tíu ár aftur í tímann. Greiningin snýr að víðtækri íbúagreiningu út frá uppruna, fjölskyldugerð og -stærð, tekjutegundum (launatekjur, fjárhagsaðstoð, bætur frá Tryggingastofnun, atvinnuleysisbætur), menntunarstöðu og búsetutíma á svæðinu.<br><br>Samfélagsgreiningin er sett fram í PowerBi-skýrslu og birt á heimasíðu S.S.S og aðildarsveitarfélaga. |
| **Málaflokkur**[2] | Innviðaráðuneytið<br>• Byggðaþróun.<br>Mennta- og barnamálaráðuneytið<br>• Málefni barna og ungmenna |
| **Framkvæmdaraðili** | Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og sveitarfélögin á Suðurnesjum |
| **Samstarfsaðilar** | • Hagstofan |
| **Lokafurð** *hámark 50 orð*<br>(hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | • Gögn sem nýtast í þróun svæðisins og heildræn stefnumótun og áætlun fyrir atvinnulíf og menntunarþörf á Suðurnesjum.<br>• Ef greining sýnir að störf á Suðurnesjum eru almennt láglaunastörf en störf á höfuðborgarsvæðinu hærra launuð gæti það ýtt undir stefnumótun til að jafna þessi skilyrði. Með því að skapa störf sem krefjast meiri menntunar og sérhæfingar á |

[1] Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

[2] Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

| | |
|---|---|
| | Suðurnesjum gæti kaupmáttur íbúa aukist sem hefði jákvæð áhrif á hagkerfið.<br>• Meiri fjölbreytni íbúa í atvinnulífi gæti dregið að fjárfestingar og ný fyrirtæki.<br>• Hægt að gera nákvæmari áætlun um uppbyggingu svæðisins til framtíðar |
| **Upphaf og lok verkefnis** | 2025-2029 |
| **Heildarkostnaður**<br>(hvert ár á verkefnatíma) | Heildarkostnaður er áætlaður um 5.000.000.- |
| **Framlag úr sóknaráætlun**<br>(árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á) | 1.000.000,- árið 2025<br>1.000.000, - árið 2026<br>1.000.000,- árið 2027<br>1.000.000,- árið 2028<br>1.000.000,- árið 2029 |
| **Mótframlag**<br>(ef við á) | |
| **Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar** | • Styrkja viðburði og tengslanet þar sem jafningjar opna öðrum dyr inn í samfélagið.<br>• Stuðla að samhæfði þjónustu við nýja íbúa, sem styður frumkvæði og þátttöku<br>• Tryggja velferð allra barna<br>• Efla menntun á framhalds- og háskólastigi á sviði nýsköpunar og rannsókna með tengsl við atvinnulíf, staðhætti og auðlindir<br>• Auka aðgengi að þjálfun og kennslu í íslensku. |
| **Tengsl við aðrar opinberar áætlanir**<br>(ef við á) | • Byggðaáætlun |
| **Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna** | Markmið 1: Engin fátækt (No Poverty)<br>Greining á tekjum, fjárhagsaðstoð og atvinnuleysi hjálpar við að skilja stöðu hópa og bæta þjónustu.<br><br>Markmið 3: Heilsa og vellíðan (Good Health and Well-being)<br>Bætur frá Tryggingastofnun og fjárhagsaðstoð eru beintengd heilbrigði og vellíðan einstaklinga og fjölskyldna.<br><br>Markmið 4: Menntun fyrir alla (Quality Education)<br>Greining á menntunarstöðu getur leitt til betri stefnu í menntamálum á svæðinu.<br><br>Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur (Decent Work and Economic Growth)<br>Upplýsingar um atvinnuleysi og tekjutegundir styðja við atvinnuuppbyggingu og stefnumótun í atvinnumálum. |

| | |
|---|---|
| | Markmið 10: Aukinn jöfnuður (Reduced Inequalities)<br>Með því að skoða mismunandi hópa eftir fjölskyldugerð, tekjum og menntunarstöðu má vinna gegn mismunun og ójöfnuði.<br><br>Markmið 11: Sjálfbærar borgir og samfélög (Sustainable Cities and Communities)<br>Betri innsýn í fjölskyldugerðir, búsetutíma og menntunarstöðu hjálpar sveitarfélögum að þróa sjálfbært samfélag. |